



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Frétt um dagforeldra

Heilbrigðiseftirlitið hefur haft samband við dagforeldra sem hafa leyfi til að gæta 6- 10 barna í heimahúsi og farið yfir með þeim hvaða ráðstafana þarf að gera og búið er að gera til að hefta útbreiðslu Covid19.

Í ljós kom að flestir dagforeldrar hafa breytt verklagi til að rjúfa mögulegar smitleiðir s.s. með því að skipuleggja að ekki sé komið með öll börnin eða þau séu sótt á sama tíma. Þrif hafa verið aukið á sameiginlegum snertiflötum, passað er betur upp á handþvott hjá börnunum og þeim þvegið um hendur þegar þau koma i daggæsluna, eftir útiveru, fyrir máltíðir o.s.frv. Margir dagforeldrar hafa fækkað leikföngum í umferð hverju sinni og skipta reglulega um leikföng en einnig aukið þrif á leikföngum.

Heilbrigðiseftirlitið lýsir ánægju sinni með þessi ábyrgu viðbrögð dagforeldra og hvetur þá til að halda áfram á sömu braut.